

Í FRÉTTUM ER

# ÞETTA APRÍL HELST



## MATAR- MARKAÐUR

Matsjain, stuðningsverkefni landshlutasamtaka og Samtaka smáframleiðenda matvæla, stóðu fyrir [matarmarkaði](#) á Hótel Laugarbakka.



## VERKEFNI ÁRSINS 2021

Veitt var viðurkenning til [framúrskarandi verkefna á Norðurlandi vestra](#), Brúnastaðir í Fljótum, sýning Shoplifter í Hrótey og Sögufélag Skagafjarðar fengu viðurkenningar að þessu sinni.



## VEL HEPPNUÐ UPPSKERUHÁTÍÐ

Þátttakendur Matsjárinnar hittust loksins á [uppskeruhátíð](#) og kynntu verkefni sín.



## MYRKUR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Getum við nýtt myrkur í ferðaþjónustu? Út á það gengur eitt [brúarverkefni Norðurslóðaáætlunar sem SSNV](#) er aðili að. Við kynntum könnun á vöruframboði ferðaþjónustuaðila á svæðinu í tengslum við það verkefni.



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS VESTRA



## BYGGÐA- GLERAUGUN 2022

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hlaut viðurkenninguna [Byggðagleraugin](#) fyrir uppbyggingu starfsstöðvar sinnar á Sauðárkróki.




## STUÐNINGUR VIÐ TEXTÍL LAB

Skrifað var undir samning um stuðning við [rekstur Textíl Labs](#) á Blönduósi. Er verkefnið áhersliverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.



## ÓLÖF LOVÍSA HEFUR STÖRF

Ólöf Lovísa, [ráðgjafi á sviði nýsköpunar](#), er komin til starfa. Hún veitir ráðgjöf við gerð styrkumsókna, gerð viðskiptaáætlana, þróun hugmynda og allt það sem viðkemur nýsköpun.



## VINNUSTOFA UM ÚRGANGSMÁL

SSNV og SSNE í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir [vinnustofu á netinu](#) um vinnu við gerð svæðisáætlunar Norðurlands um meðhöndlun úrgangs.



## MENNING FYRIR BÖRN

Skúnaskrall, [barnamenningarhátíð á Norðurlandi vestra](#), hófst með pomp og prakt. Hún stendur í hátt í 2 vikur með meira en 100 spennandi viðburði fyrir börn á Norðurlandi vestra. Verkefnið er áhersliverkefni Sóknaráætlunar og stutt af Barnamenningarsjóði og fleiri aðilum.

# 2022

# FYRIR NORÐURLAND VESTRA